



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2012

Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 742. mál á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (lán til starfsmanna).


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 22. júní sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

LL fagna því að frumvarp þetta sé nú lagt fram en undrast þó að sama skapi að það sé ekki fyrir á ferðinni í ljósi þeirra skelfilegu afleiðinga sem sú hegðun sem frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir hefur haft á íslenskt samfélag. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsiramma en í þessu sambandi er afar mikilvægt að sérfræðingar innan viðkomandi ráðuneyta meti þennan þátt og þá einkum tengslin við ákvæði auðgunarkafla almennra hegningarlaga, þ.e. XXVI. kafla laga nr. 19/1940. Sú hegðun sem hér er ætlað að fyrirbyggja kann í mörgum tilvikum að vera unnt að heimfæra beint undir ákvæði XXVI. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan í ofangreindar athugasemdir liggur fyrir að einhugur er meðal lífeyrissjóðanna um að mikilvægt sé að setja í lög skýr ákvæði til að koma í veg fyrir blekkingar með villandi framsetningu á eigin fé fyrirtækja. Því lýsa LL yfir fullum stuðningi við ákvæði sem ná fram því markmiði sem frumvarpinu er ætlað.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri